

FUNDARGERÐ SKÓLANEFNDAR

Fundur haldinn í skólanefnd Höfðaskóla þriðjudaginn 4. maí 2004 klukkan 17:00 í húsnæði Höfðaskóla.

Mætt eru; Adolf H. Berndsen varamaður Gunnars Þórs Gunnarssonar, Helga Bergsdóttir ritari, Kristján Steinar Kristjánsson, Ingibergur Guðmundsson skólastjóri, Dagný Rósa Úlfarsdóttir aðstoðarskólastjóri, Guðbjörg Ólafsdóttir fulltrúi foreldrafélags, Björk Hlöðversdóttir fulltrúi kennara. Fannar Viggósson, varamaður Hólmgæis Kristmundssonar og Þórarinn Grétarsson boðuðu forföll.

Dagskrá fundarins.

1. Kennararáðningar f. næsta skólaár
2. Námskeið fyrir skólanefndir
3. Önnur mál

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Auglýst var fyrst 4 apríl, síðan tvisvar aftur eftir páska. Nokkrar umsóknir hafa borist. Það eru u.þ.b. 13 stöðugildi kennara við skólann, þar af verða fastráðnir kennarar í u.þ.b. 4,7 stöðugildum á næsta skólaári. Þetta tekur þó mið af kennslukvóta næsta árs. Útlit er fyrir að um 100 nemendur verði í grunnskólanum næsta skólaár. Tillaga kom fram um að ráða Hrafnhildi Yr Víglundsdóttur og Önnu Guðlaugu Jóhannsdóttur í 100% störf. Hrafnhildur Yr er með BS próf í ferðamálafræði frá HI og BED frá HI. Anna Guðlaug er stúdent frá MA og útskrifast frá Myndlistarskólanum á Akureyri í vor. Aðrar umsóknir verða settar í bið og auglýst enn frekar eftir menntuðum kennurum. Umsóknarfrestur til 20. maí nk.
2. Kynnt var á síðasta fundi námskeið fyrir skólanefndarmenn, æskilegt að einhverjir nefndarmenn sækja þetta námskeið.
3. Stefnt er að því að halda næsta skólanefndarfund þann 24. maí n.k. Fram kom að fyrirhuguð er dagleg keyrsla milli Skagastrandar og Sauðárkróks með nemendur sem sækja nám í FNV næsta vetur. Kynningarfundur verður á morgun þar sem þessi hugmynd verður kynnt fyrir foreldrum nemenda í núverandi 10. bekk.

Fundargerð var skráð í tölvu, lesin upp og samþykkt, prentuð út og undirrituð af fundarmönnum í lok fundarins. Fundi slitið kl. 18:00.

Adolf H. Berndsen
(Sign)

Helga Bergsdóttir
(Sign)

Ingibergur Guðmundsson
(Sign)

2004-05-04-11

Skólanefnd Höfðahrepps
Fundagerðir

Guðbjörg Ólafsdóttir
(Sign)

Dagný Rósa Úlfarsdóttir
(Sign)

Kristján Steinar Kristjánsson
(Sign)

Björk Hlöðversdóttir
(Sign)